



MUNDILFARI

Félagsblað Lífspekifélagsins 2. tbl. 50. árg. maí 2022
ábm. Birgir Bjarnason

Lífspekifélag Íslands, Ingólfsstræti 22. Pósthólf 1257, 121 Reykjavík
Sími Ganglera: 896 2070

Einkunnarorð sumarskólans eru: Að mæta áskorunum lífsins.

Í ár fáum við góðan gest á sumarsamveruna. Sá heitir Adrian Sydenham og er fyrrverandi skólastjóri Brockwood skólans á Englandi, heimavistarskóla fyrir ungmenni/unglinga á aldrinum 14-19 ára sem Jiddu Krishnamurti stofnaði árið 1969. Adrian mun flytja tvö erindi á samverunni, annað tengt H.P. Blavatsky en hitt J. Krishnamurti. Verða erindin jafnóðum þýdd yfir á íslensku.

Einn af dagskrárliðum í ár er smíðja um einkunnarorð samverunnar.

Gera má ráð fyrir að félagar í Lífspekifélaginu hafi áhuga á því sem við köllum innra líf og þekki af eigin raun hinar ýmsu áskoranir sem setja má í samband við það. Hver eru tengsl þessara marg-

víslegu áskorana og hins innra lífs? Og hvaða hlutverki gegna þær í innri þroska okkar og andlegri vöknun? Áskorun er almennt sett í samband við ytri kringumstæður sem við lendum í eða eitthvað sem hendir okkur og þurfum að takast á við. En þegar þessar áskoranir eru grannt skoðaðar, þá kemur oft í ljós að þær eru í beinu sambandi við tiltekið skref í andlegri rækt okkar. Ytri hvati reyndist nauðsynlegur til að fá eitthvað sem var óljóst til staðar hið innra til að blómstra og verða að fullu meðvitað. Í vissu tilliti mætti þá líta á þessar áskoranir sem eins konar fæðingarhríðir. Í því tilliti eru ytri og innri sitthvor hliðin á sama ferlinu og verður eiginlega ekki aðgreint. Lífið er í sjálfu sér hvorki ytra né innra. JEB



Á myndinni er hægt að sjá leiðina að Hótel Kriunesi.

Sumarsamvera Lífspekifélagsins
í félagshúsinu og á Kríunesi við Elliðavatn, dagana 24. til 25. júní 2022

Dagskrá:

Föstudagur 24. júní

í húsi félagsins, Ingólfsstræti 22

18:00 Bjarni Sveinbjörnsson: *Hvað er að sjá þig maður? Hefur þú verið afhelgaður?*

Kaffi og meðlæti.

20:00 Adrian Sydenham: *Madame Blavatsky and the Wisdom Tradition (Blavatsky og vísuhefðin).*

Umræður um efnið á eftir.

Laugardagur 25. júní að Hótel Kríunesi, Vatnenda

10:00 Hugleiðing.

10:30 Kristinn Ágúst Friðfinnsson: *Tengsl.*

12:00 Hádegisverður.

13:30 Gönguferð um nágrennið.

14:30 Atriði í umsjá Önnu Valdimarsdóttur, sálfræðings og Valdimars Sverrissonar: Ljós í myrkri.

16:00 Síðdegiskaffi.

16:30 Anna Bjarnadóttir leiðir æfingar í *Spring Forest Qigong.*

17:30 Smíðja: *Að mæta áskorunum lífsins.*

19:00 Kvöldverður.

20:00 Adrian Sydenham: *Krishnamurti and rethinking Education (Krishnamurti og menntun hugsuð upp á nýtt).*

21.30 Almennar umræður.

Lífspekifélagið innheimtir þáttökugjald kr. 1000.

Verð á mat á Hótel Kríunesi laugardaginn 25. júní

Morgunverðarhlaðborð 1590 kr.

Hádegisverður: súpa, brauð og þorskur borin fram að hætti kokksins.

Fyrir vegan fólkið er grænmetisbuff borið fram að hætti kokksins. 2500 kr.

Miðdegiskaffi. Vöflur með rjóma og sultu. (vegan rjómi fyrir vegan fólkið) 1000 kr.

Kvöldverður:

Tveggjarétt: Lambaprime og meðlæti og í desert súkkulaði kaka með ís.

Fyrir vegan þá er hnetusteik og meðlæti. 5900 kr.

Þriggjarétt: Laxasalat í forrétt, lambaprime í aðalrétt, súkkulaðikaka með ís í desert. .. 6900 kr.

Ávextir inni salinn til okkar 690 kr.

Um hádegisverð og kvöldverð gildir að gestir þurfa að tilkynna fyrirfram hvort þeir ætli að vera í mat og einnig hvort þeir vilji þorsk, lambaprime eða veganrétt.

Tilkynnið þetta í eftirfarandi síma eða netfang eigi síðar en 12. júní.

Anna Ottesen: 898 7522

annaottesen54@gmail.com

Kaffi og meðlæti eru þátttakendum að kostnaðarlausu að Ingólfsstræti 22.

Aðalfundur félagsins var haldinn 5. maí sl. Í stjórn eru Haraldur Erlendsson, deildarforseti, Anna Ottesen, Magni Sigurhansson, Leifur H. Leifsson og Gunnlaugur Gardasson. Í varastjórn eru: Ragnar Jóhannesson, Sveinbjörn Gestsson og Melkorka Edda Freysteinsdóttir. Árgjald félagsins var ákveðið 6.000 kr. og áskriftargjald Ganglera 4.000 kr.